

61. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar föstudaginn 5. mars 2010 í félagsheimilinu Þórsveri, fundur hófst kl:17:00.

Mætt voru: Þórir Jónsson varaoddviti, Eyþór Jónsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Hulda Sigurðardóttir, Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort að einhver gerði athugasemd við fundarboðun. Engar athugasemdir.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 18. feb. 2010
Lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 25. feb. 2010
Lögð fram til kynningar.
- c. Fundargerð ÍTN dags.18.feb. 2010
Lögð fram til kynningar.
- d. Fundargerð USB dags. 21. janúar 2010, liður fjögur.
*Þessum lið var frestað á sveitarstjórnarfundum þann 28.janúar sl. og sveitarstjóra falið að fá umsögn byggingafulltrúa um ástand hússins og upplýsingar hjá umsækjanda um fyrirhugaðar framkvæmdir og notkun hússins að framkvæmdum loknum, þar sem gert er ráð fyrir að húsið sé rífið á gildandi aðalskipulagi. Fyrir fundinn liggur úttektarskýrsla Gauks Hjartarsonar skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings þar sem hann telur ekkert því til fyrirstöðu að gera húsið upp . En þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar frá eiganda um framkvæmdir né notkun verður þessu frestað fram að næsta fundi .
*Samþykkt samhljóða.**
- e. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 10. febrúar 2010
Lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla sveitarstjóra.

- *Sveitarstjóri fór yfir erindi frá áhugasömum aðilum um nýtingu gömlu sundlaugarinnar sem nytjamarkað.*

Við undirritaðar skoðuðum gömlu sundlauginu ásamt Gunnólfi sveitarstjóra þann 19. febrúar sl. Eins og við vissum er hún ekki í sérstöku ástandi enda ekkert verið gert fyrir húsnæðið síðan hún var tekin úr notkun. Mikið af dóti og drasli er í húsnæðinu, sem notuð hefur verið sem hálfgerð geymsla síðustu ár. Það sem við höfum í hyggju er að fá að nýta húsnæðið undir nytjamarkað með föt og jafnvel einhver húsgögn. Við settum nytjamarkað á laggirnar í fyrra og gafst sú starfsemi vel, að undanskildu því vandamáli að við höfðum ekkert fast húsnæði undir hann og vorum því á hrakhólum. Afrakstur af sölu á nytjamarkaðnum rennur í styrktarsjóð sem við höfum stofnað og er til þess gerður að styðja við bakið á þeim sem um sárt eiga að binda fjárhagslega, einkum í kjölfar veikinda barna eða sinna eigin. Undirritaðar munu að sjálfsögðu sjá um vinnuna við standsetningu hússins og erum tilbúnar að hefjast handa fljótlega.

Sveitarstjórn samþykkir að lána húsið fram í október 2010 og endurskoða þetta þá því ljóst er að búið er að samþykkja að rífa húsið enda er það staðsett á vermætum byggingarreit í nýju aðalskipulagi.

Samþykkt samhljóða

- *Sveitarstjóri fór yfir að búið væri að senda til viðbótarlána sjóðs umsóknir fyrir 5 íbúðir og fékk hann eftirfarandi svar í dag.*

Á fundi ráðgjafanefndar Varasjóðs húsnæðismál 3. mars 2010, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þar sem ennþá er verið að bíða eftir niðurstöðu um fjármagn Varasjóðsins húsnæðismála fyrir árið 2010, verður ekki greitt til sveitarfélaga vegna sölu á eignum að svo stöddu.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

4. Til kynningar

- a. Ársskýrsla félagsþjónustu Norðurþings 2009
Lögð fram til kynningar

- b. Drög að fjallskilasamþykkt.

Vísað til landbúnaðarnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

- c. Styrkir vegna úrbóta á ferðamannastöðum.

- *Sveitarstjóri fór yfir að sótt hafi verið um styrk til Ferðamálastofu til að bæta ferðamannaáðstöðu á Þórshöfn og fengist hafi kr. 250.000*
- *Sauðanesnefnd fékk úthlutað úr sama sjóði vegna bættar aðkomu að Sauðaneshúsi kr. 250.000*

Lagt fram til kynningar

- d. Starfsmannamál.

- *Sveitarstjóri fór yfir hvernig hann vill breyta starfi menningar- og æskulýðsfulltrúa í starfsmannamál- og ferðamálafulltrúa og í framhaldi af því að auglýsa eftir starfskrafti í 50 % starf íþrótt- og æskulýðsfulltrúa en engin kostnaðaraukning mun skapast við það. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.*

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl.18:15.